

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 426/2014

2014/EES/73/50

frá 25. apríl 2014

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum <sup>(1)</sup>, einkum 26. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að brenndir drykkir í flokki 16 „Brennivín (með heiti aldinsins á undan) sem fengið er með lögn í bleyti og eimingu“ fáiast með því að leggja í bleyti og eima aldinin eða berin sem eru tilgreind þar. Í sumum aðildarríkjum er einnig hefð fyrir því að framleiða þessa tegund brenndra drykkja úr öðrum aldinum, sem eru ekki á þeirri skrá. Því ber að auka við skrána yfir aldin og berin sem notuð eru við framleiðslu á brenndum drykkjum í þeim flokki.
- 2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er kveðið á um að brenndir drykkir í flokki 24 „Akvavit eða aquavit“ séu brenndir drykkir með bragði af kúmeni og/eða dillfræi, sem eru bragðbættir með eimi úr plöntum eða kryddtegundum. Hefð er fyrir því að framleiða þessa brenndu drykki með því að nota etanól úr landbúnaði. Í núverandi flokki brenndra drykkja „Akvavit eða aquavit“ er ekki tilgreint að skylt sé að nota etanól. Notkun etanóls við framleiðslu á „Akvavit eða aquavit“ er þó nauðsynleg til að tryggja gæði afurðarinnar.
- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 26.4.2014, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað ii. liðar a-liðar í 16. flokki komi eftirfarandi:

„ii. sem er fenginn úr eftirfarandi ávöxtum eða berjum:

- brómberjum (*Rubus fruticosus* auct. aggr.),
- jarðarberjum (*Fragaria* spp.),
- aðalbláberjum/bláberjum (*Vaccinium myrtillus* L.),
- hindberjum (*Rubus idaeus* L.),
- rifsberjum (*Ribes rubrum* L.),
- hvítum rifsberjum (*Ribes niveum* Lindl.),
- sólberjum (*Ribes nigrum* L.),
- þyrniplómum (*Prunus spinosa* L.),
- reyniberjum (*Sorbus aucuparia* L.),
- berjum berjamispils (*Sorbus domestica* L.),
- berjum af fenjakristþyrni (*Ilex aquifolium* and *Ilex cassine* L.),
- flipareyniberjum (*Sorbus torminalis* (L.) Crantz),
- ylliberjum (*Sambucus nigra* L.),
- stikilsberjum (*Ribes uva-crispa* L. syn. *Ribes grossularia*),
- trönuberjum (*Vaccinium* L. subgenus *Oxycoccus*),
- rauðberjum (*Vaccinium vitis-idaea* L.),
- fenjabláberjum (*Vaccinium corymbosum* L.),
- hafþyrni (*Hippophae rhamnoides* L.),
- rósaldinum (*Rosa canina* L.),
- múltuberjum (*Rubus chamaemorus* L.),
- krækiberjum (*Empetrum nigrum* L.),
- bjarnarberjum (*Rubus arcticus* L.),
- brúðarlaufi (*Myrtus communis* L.),
- banönum (*Musa* spp.),
- píslaraldinum (*Passiflora edulis* Sims),
- sætplómum (*Spondias dulcis* Sol. ex Parkinson),
- gulplómum (*Spondias mombin* L.),
- valhnetum (*Juglans regia* L.),
- heslihnetum (*Corylus avellana* L.),
- kastaníuhnetum (*Castanea sativa* L.),
- sitrusávöxtum (*Citrus* spp. L.),
- kaktusfíkjum (*Opuntia ficus-indica*).“

2) Í stað a- liðar í flokki 24 komi eftirfarandi:

- „a) Akvavit eða aquavit er brenndur drykkur með bragði af kúmeni og/eða dillfræi, sem er framleiddur með því að nota etanol úr landbúnaði, bragðbætt með eimi úr plöntum eða kryddtegundum.“